



Alþingi
Erindi nr. P 143/547
komudagur 5.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2013

1202007SA GB
Málalykill: 384

Efni: Umsögn um frv. til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 95. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. desember 2013, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál. Beðist er velvirðingar á því að vegna annríkis við gerð umsagna um þingmál er umsögn þessari skilað eftir að frestur sem veittur var er liðinn.

Frumvarp þetta, sem snýr m.a. að færanlegri starfsemi, loftgæðum og umhverfismerki, hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið og var það lagt fram bæði á 140. og 141. löggjafarþingi án þess að hljóta afgreiðslu.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða og nokkur heilbrigðieftirlitssumdæmi skiluðu umsögnum um málið á 140. þingi og gerðu þá nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Þeim athugasemdum hefur að mestu verið mætt í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi. Þetta á sérstaklega við um kostnaðaráhrif frumvarpsins en ákvæði b.-liðar 3. gr. frv. ásamt skýringum við það ákvæði eru nú skýrar orðuð.

Á fundi um kostnaðarmat umhverfis- og auðlindaráðuneytis með fulltrúum sveitarfélaga var áréttaður sá sameiginlegi skilningur að ákvæði frumvarpsins fela ekki í sér auknar skyldur sveitarfélaga hvað varðar mælingar á loftgæðum og starfrækslu mælistöðva, sbr. 3. mgr. b.-liðar 3. gr.

Ákvæði í frumvarpinu um að heilbrigðisnefndir gefi út áætlun um loftgæði á sínu svæði fela hins vegar í sér viss nýmæli þar sem sú loftgæðaáætlun sem kveðið er á um í frumvarpinu er víðtækari en sú aðgerðaáætlun sem heilbrigðisnefndir gera nú og mun því hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélögin. Í frumvarpinu er kveðið á um að heilbrigðisnefnd skuli semja aðgerðaáætlanir sem gilda skulu um skammtímaráðstafanir sem fylgja skal ef hætta er á að farið sé yfir umhverfismörk eða viðmiðunarmörk og til að draga úr þeirri hættu sem slík atvik skapa og stytta tímann sem þau vara og er það sama skylda og heilbrigðisnefndir hafa nú. Annað í loftgæðaáætlun er nýtt. Rétt er að benda á að mögulegt er að gera áætlun sem nær yfir fleiri en eitt heilbrigðiseftirlitssvæði og ætti það að vera hagkvæmara.



Niðurstaða kostnaðarmats ráðuneytisins, sbr. fylgiskjal I, er því sú að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna þessa frumvarps sé óverulegur og gerir Samband íslenskra sveitarfélaga ekki athugasemd við þá niðurstöðu.

Sambandið gerir samkvæmt framansögðu ekki athugasemd við að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs